

Erindi nr. *Þ 139/2264*

Alþingi, nefndasvið v.iðnaðarnefnd.
Austurstræti 14
150 Reykjavík

komudagur *5.5.2011*

Umsögn; frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun. (ársfundur og stjórnarmenn) 721. mál, 139. löggjafarþing.

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl 2011, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur áherslu á að flýta heildarendurskoðun á lögum um stoðkerfi atvinnulífs og byggðamál, þar með lögum um Byggðastofnun. Stjórnin telur ekki ljóst að hvaða leyti þær breytingar sem boðaðar eru með frumvarpinu þjóni þeirri endurskoðun og mælir með því að málið verði skoðað í hinu stærra samhengi.

Greinargerð;


Fram kemur í skýringum með frumvarpinu að það sé sett fram á grundvelli skýrslu um lánastarfsemi Byggðastofnunar frá því í janúar á þessu ári. Í framhaldi þeirrar skýrslu hafi iðnaðarráðherra sett af stað starfshóp með aðild allra stjórnsmálaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi til að endurskoða lagaákvæði um Byggðastofnun. Niðurstöður þeirrar vinnu eigi að liggja fyrir nú um mánaðarmót apríl/máí. Í þessu samhengi er rétt að benda á, að endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífs og byggðamála hefur um langa hríð verið í vinnslu með aðild allra aðila sem þar koma að m.a. atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka. Þessi endurskoðun er einnig sett fram sem hluti af áætlun ríkisstjórnar, Ísland 20/20.

Ekki er hægt að ráða af skýringum með frumvarpinu að fækkun stjórnarmanna sé hluti af framangreindri endurskoðun. Hér sé fremur tvennt tekið út úr skýrslu um lánastarfsemi Byggðastofnunar. Annars vegar að bregðast við breytingum á lögum um fjármálastofnanir og kröfu um hæfi stjórnarmanna til setu í stjórnun fjármálastofnana. Hinsvegar er vísað til vanda Byggðastofnunar vegna lágs eiginfjárlutfall. Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir á að fjöldi stjórnarmanna Byggðastofnunar hefur skírskotun til markmiða laga um starfssemi Byggðastofnunar, en stofnunin fer með víðtækara hlutverk en stjórnir lánastofnana hafa almennt.

Gera verður því þá kröfu, að skýrt verði í hvaða samhengi tillaga um fækkun stjórnarmanna Byggðastofnunar er sett fram með hliðsjón af víðtæku hlutverki Byggðastofnunar og þeirri miklu vinnu sem farið hefur í endurskoðun stoðkerfis atvinnulífs og byggðamála. Sé það ekki skýrt nánar, þá verður að líta svo á að verið sé að taka fram fyrir hendur þeirrar vinnu sem þegar hefur átt sér stað og skapar það óvissu hvort fylgja eigi eftir markmiði stjórnvalda, um að viðhafa samráð um mótun stefnu um stoðkerfi atvinnulífs og byggðamála. Því telur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga rétt að staldra við og mál þetta verði skoðað í hinu stærra samhengi.

Ísafirði 3. maí 2011.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.